

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR REGINS HF. 2020

Aðalfundur Regins hf. var haldinn miðvikudaginn 11. mars 2020 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum fundarsal, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, fundurinn hófst klukkan 16:00.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Tómas Kristjánsson setti fundinn. Stungið var upp á Óskari Sigurðssyni lögmanni sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Óskar Sigurðsson tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði til að Dagbjört Erla Einarsdóttir lögmaður yrði kjörin fundarritari. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað skv. 16. gr. samþykkt félagsins með birtingu auglýsinga í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 18. febrúar 2020, heimasíðu Kauphallar og félagsins þann 17. febrúar 2020 og væri fundurinn því lögmaður aðalfundur félagsins. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á aðalfundinn fyrir 56,7% hlutafjár.

3. Dagskrá:

Stjórnarformaður, Tómas Kristjánsson, flutti skýrslu stjórnar. Að því búnu fór forstjóri félagsins, Helgi S. Gunnarsson, yfir reikning félagsins vegna ársins 2019.

Allar tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum en þær voru eftirfarandi:

2. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2019.

3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2019:

Aðalfundur samþykkti að greiddur yrði arður til hluthafa vegna næstliðins reikningsárs að fjárhæð 0,30 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs útistandandi hlutafjár, samtals 535 millj.kr. Hlutabréf sem viðskipti eru með frá og með 12. mars 2020 verða án arðsréttinda (arðleysisdagur). Miðað verður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 13. mars 2020 (arðsréttindadagur) hvað varðar rétt hluthafa til arðgreiðslu. Arður verður greiddur út þann 27. mars 2020 (arðgreiðsludagur). Að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu.

4. Starfskjarastefna:

Stjórnarformaður gerði grein fyrir framlagðri starfskjarastefnu sem var óbreytt frá fyrra ári. Aðalfundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu.

5. Heimild til kaupa á eigin hlutum:

Samþykkt var tillaga stjórnar um að veita heimild til að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um verðbréfiðskipti nr. 108/2007 og reglugerð nr. 630/2005 (viðauki).

6. Breyting á samþykktum félagsins.

Samþykktur var viðauki við samþykktir félagsins í kjölfar samþykktar 5. dagskrárliðs.

- a) Fyrir fundinum lá tillaga um lækkun á hlutafé um 43.091.859 kr. að nafnverði eða sem nemur 43.091.859 hlutum, til ógildingar eigin hluta. Tillagan var svohljóðandi:

„Aðalfundur Regins hf. samþykkir að lækka hlutafé félagsins um 43.091.859 kr. að nafnverði eða sem nemur 43.091.859 hlutum, til ógildingar eigin hluta. Lækkunin tekur til eigin hluta félagsins sem félagið hefur eignast með kaupum í samræmi við endurkaupaáætlanir stjórnar. Félagið hefur greitt 967 millj. kr. fyrir þessa hluti. Vísað er til ákvörðunar frá aðalfundi 14. mars 2019 um heimild til kaupa á eigin hlutum.“

Tillagan var samþykkt einróma.

Eftir samþykkt ofangreindrar tillögu hljóðar 4. gr. samþykktar félagsins þannig:

Hlutafé félagsins er 1.783.152.097 kr.

eittþúsundsjöhundruðáttatíuogþrjámilljónirhundruðfimmtíuogtvöpusundniútuogsjökrónur.

Hlutir skulu hljóða á nafn.

- b) Fyrir fundinum lá einnig tillaga um að samþykkt yrði breyting á 1. mgr. 23. gr. samþykktar félagsins á þá leið að í félaginu væru ekki kjörnir varastjórnarmenn. Breytingin myndi jafnframt kalla á að síðari málsliður 2. mgr. 23. gr. samþykktar félagsins félli brott. Tillagan var svohljóðandi:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi þeirra fer að lögum. Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutfall stjórnar sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.“

Tillagan var samþykkt einróma.

7. Kosning stjórnar félagsins:

Formaður tilnefningarnefndar, Guðfinna S. Bjarnadóttir, fór yfir skýrslu tilnefningarnefndar félagsins sem birt var samhliða aðalfundarboði.

Eftirfarandi aðilar voru sjálfkjörnir í stjórn félagsins:

Albert Þór Jónsson
Bryndís Hrafnkelsdóttir
Guðrún Tinna Ólafsdóttir
Heiðrún Emilía Jónsdóttir
Tómas Kristjánsson

Vegna samþykktar tillögu undir lið 6b) kom ekki til kjörs í varastjórn.

8. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að Ernst & Young ehf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, yrði kjörið endurskoðunarfyrtæki félagsins, í samræmi við tillögu endurskoðunarnefndar til stjórnar um kjör ytri endurskoðanda, í kjölfar útboðs.

9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.

Eftirfarandi aðilar voru sjálfkjörin í tilnefningarnefnd félagsins:

Guðfinna S. Bjarnadóttir

Ína Björk Hannesdóttir

Sigurjón Pálsson

10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Stjórn lagði til breytingu á upphaflegri tillögu sinni hvað varðar þóknun stjórnarformanns. Tillagan gengur skemur en hin fyrri og er tímabundið frávik frá 2. mgr., 3.gr. framlagðrar starfskjarastefnu félagsins um að laun stjórnarformanns skuli vera tvöföld laun stjórnarmanns.

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 698.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 355.000 kr. á mánuði.

Tillaga um greiðslur til varamanna féll niður vegna samþykkt tillögu um að ekki væru kjörnir varamenn í stjórn félagsins.

Seta í undirnefndum stjórnar:

Nefndarmaður í starfskjaranefnd: 30.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 80.000 kr. á mánuði.

Formaður endurskoðunarnefndar: 140.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. á mánuði.

Formaður tilnefningarnefndar: 90.000 kr. á mánuði.


11. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.

Fundi slitið kl. 16:45



Óskar Sigurðsson, lögm.



Dagbjört Erla Einarsdóttir, lögm.

